

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 83/2004

frá 8. júní 2004

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Lítháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2257/2003 frá 25. nóvember 2003 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar aðlögun á skránni yfir könnunatriði ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda í Liechtenstein.

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Liður 18a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98) í XXI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við:

„- **32003 R 2257**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2257/2003 frá 25. nóvember 2003 (Stjtið. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 6).“

2. Eftirfarandi kemur í stað aðlögunarliðarins:

„Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.

b) Í stað síðasta málsliðar 4. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„Noregi, Spáni, Finnlandi og Breska konungsríkinu er heimilt að gera könnun á skipulagsbreytum með vísun til eins ársfjórðungs á aðlögunartímabili sem nær til loka árs 2007.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 6.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2257/2003, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

S. Gillespie

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.